

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 50/96
frá 27. september 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
67/95 frá 22. nóvember 1995⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna
losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu
þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (tilskipun ráðsins 94/62/EB) í XVII. kafla II.
viðauka við samninginn:

„8. 394 L 0063: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember
1994 um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við
geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva (Stjtið.
EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 24).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 8, 11. 1. 1996, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 2, 11. 1. 1996, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 24.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„4. mgr. I. viðauka gildir ekki um tiltækar birgðastöðvar á Íslandi þar sem gegnumstreymi er minna en 5 000 tonn á ári og losað er með skipum.” .”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. september 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner